



Forseti Íslands  
Hr. Ólafur Ragnar Grímsson  
Bessastöðum  
225 Bessastaðahreppi

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík  
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014  
postur@for.stjr.is  
www.raduneyti.is

Reykjavík 25. mars 2011  
Tilv.: FOR10050087/4.1.0

Forsætisráðuneytið hefur nú til umfjöllunar erindi sem barst þann 14. mars sl. frá fréttastofu Stöðvar 2 þar sem óskað er eftir því að fréttastofan fái afhent öll skrifleg samskipti sem farið hafa á milli forsætisráðherra og forseta Íslands um setningu siðareglna fyrir forsetaembættið, með vísan til 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Forsætisráðuneytið upplýsti forsetaembættið um umrætt erindi í sl. viku og föstudaginn 18. mars sl. áttu embættismenn í forsætisráðuneytinu að ósk embættis forseta Íslands símafund um málið með embættismönnum á skrifstofu forseta. Þar greindu embættismenn forsætisráðuneytisins frá þeirri afdráttarlausu afstöðu ráðuneytisins að upplýsingalög nr. 50/1996 væru skýr að því leyti að afhenda bæri þau bréfaskipti sem Stöð 2 hefur óskað eftir í umræddri upplýsingabeidni. Að ósk forseta áttu embættismenn í forsætisráðuneytinu jafnframt fund þann 21. mars sl., með forseta og embættismönnum hans þar sem farið var ítarlega yfir málið. Á fundinum óskaði forseti eftir formlegri afstöðu forsætisráðherra til birtingar bréfanna áður en upplýsingabeidninni yrði svarað.

Forsætisráðherra vill með vísan til framangreindra samskipta upplýsa forseta um það að forsætisráðuneytið mun afhenda Stöð 2 þau bréf sem ráðuneytið hefur sent forsetaembættinu og málið varða. Forsætisráðuneytið mun hins vegar, að svo stöddu, ekki afhenda bréf frá forseta Íslands eða embætti forseta Íslands sem málið varða, m.a. í ljósi þess að embætti forseta Íslands er annarrar skoðunar um skyldu til afhendingar bréfanna. Forsætisráðuneytið telur eftir sem áður að afhenda beri öll framangreind bréfaskipti á grundvelli ákvæða núgildandi upplýsingalaga nr. 50/1996 og það vil ég árétt og undirstrika í bréfi þessu. Undirrituð telur því að embættin hafi ekkert val í þessu efni þar sem ekki sé neina undanþáguheimild að finna í núgildandi lögum varðandi skrifleg samskipti forseta og ráðherra hér á landi, hvað sem líður fram komnum sjónarmiðum forseta um að slík undanþáguheimild eigi að vera til staðar. Ráðuneytið er reiðubúið til þess að koma sjónarmiðum forseta Íslands í þessu efni á framfæri við allsherjarnefnd Alþingis sem nú hefur til umfjöllunar frumvarp til nýrra upplýsingalaga, óski forseti eftir því.